Hvornen kunna vor Goodverk Gude ad þoknast, þar þau eru ofullkomenn og saurug?

Þad kemur fyrst til af þvi, ad vier fyrer Truna erum innplantader Christo, hvor ed hilur

alla vora Breste, med sijnu fullkomna Riettlæte.

Þar næst, ad vier erum fyrer hans Pijnu og Medalgongu, forlijkter vid GUD, og ordner honum þecker, þar fyrer lætur hann sier og eirnenn þoknast vor Goodverk.

I þridia mæta, ad heilagur Ande er Hofundur ad vorum Goodverkum, þar fyrer hlijtur þad Gude ad þocknast, sem hann sialfur innblæs.

Hingad til hefur talad verid um Sidalogmaaled; Enn hvad meinast fyrer þad Logmæl, sem Postulenn kallar Truarennar Logmæl?

Evangelium.

Hvad er Evangelium?

Evangelium er Nædar Vre-

Predikun ut af Christo, og Fyrerheit um andleg og eilijf Giæde, vegna hans Forpienuſtu, peim giefen, ſem a hann trua.

Hvor er Summa og Innehalld alls Evangelii?

Petta: Svo elſkade Gud Heimenn, ad hann gaf vt ſinn Eingietenn Son, uppa pad, ad aller peir, ſem a hann trua, fyrerfareſt ecke, helldur hafe eilijft Lijf. Johan. 3, 16.

Hvor er Miſmunur a mille Logmalſins og Evangelii?

Peſſe hinn ſierlegaſte, ad Logmaled utheimter fullkomna Hlydne, af peim, ſem hialpaſt vill:

Enn Evangelium einasta Truna á JEsum Christum.

Logmæled auglyser Syndernar, skielfer og deyder;

Enn Evangelium huggar og lifgar.

Logmæled hootar Bolvan vegna Syndanna ollum Monnum.

Enn Evangelium yferlyser thvi, ad madurenn fyrer Truna á Christum, verde frij frá allre Bolvan, og odlesi Guds Naad, Fyrergiefning Syndanna, Rettlæted og eilifst Lif.

Logmæled syner Goodverk-

enn,

enn, enn gefur ecke Krapta til ad frammkvæma þau.

Enn Evangelium veiter Heilagan Anda, fyrer hvørs Hialp vier giørum Goodverkenn.

Hvar er talad i Frædunum um Evangelium?

I Truar-Jatningunne.

Truar-Jatningenn.

Fyrsta Grein, af Skopunenne.

Eg true a Gud Fodur Almattugann, Skapara Himens og Jardar. hvad er þad?

Eg true, ad GUd hafe skapad mig, ásamt med ollum ódrum Skepnum; og ad hañ hafe gefed mier Önd og Lijkama, Augu og Eyru, og alla Lime, parned Skin og Skilningarvit, og ad hañ ollu pessu eñ nu vid makt helldur; hier til veiter hañ mier, og fyrer sier noglega og daglega, nefur Klæde og Skiæde, Mat og Dryck, Hus og Heimile, Fodur og Modur, Akra og Kvikfie, og allt pad gott er, med ollu pvi eg parf til pessa Lijfs Upphelldis; Hañ verndar mig og

og vardveiter fra ollum Skada og Hæska, og ollum illum Hlutum, allt petta veiter hañ mier, af sinne skiærre, fodurlegre og Gudlegre Godgirnd og Miskun, æn allrar minnar Forpenustu og Verdskuldunar, fyrer hvad allt, eg æ honum Lof og Packer ad giora, honum ad piona og hlyda ad vera: Petta eru vissuleg Sannende.

Aunnur Grein af Endurlausnenne.

Og æ JEsum Chr Son hans Ein Drottenn vorn;

getenn var af Heilogum Anda, fæddur af Mariu Meyu: Pijndur under Pontio Pilato, krossfestur, deyddur og grafenn: Nidurstie hañ til Helvijtes: A pridia Dege reis hañ upp frꝛ Daudum: uppstie hann til Himna; situr til hægre Handar Guds Fodurs almættugs: Padann er hann komande ad dæma lifendur og dauda. Hvad er þad?

Þad er:

Eg true, ad JEsus Christie sannur Gud, af Fod-
geten fyrer allar
, lijka sannur Mad-
ddur, af Mariu
Meyu

Meyu, ad hann sie mín Drotten, sem mig glatadan, og fyrerdæmdann Mann hefur afrekad, endurleist og frelsad, frá ollum Synd-um, Daudanum og Diof-ulsens Vallde, eige med Gulle nie Sylfre, helldur med sijnu Heilaga og dyr-mæta Blode, og med sijn-um saklausa Dauda og Pij-nu, so eg verde hans eigen-legur, life under hans Vallde, i hans Riike, hon-um þione i eilijfu Rettlæte, Meinleise og Sælubiælp, lijka sem hann er siælfur af Dauda upprisenn, lifer og rijker ad eilijfu: Petta er vissuleg Sannende.

Pridig

Pridia Grein af Helgunenne.

Eg true á Heilagann Anda, og ad sie ein almenneleg Christeleg Kyrkia, Samneyte Heilagra, Fyrergiefning Syndanna, Holldsens Uppriſa, og eilijft Lijf. Amen. Hvad er pad?

Pad er:

Eg true, ad eg gete ecke, af sjálfs mijns eigen Krapte, edur Skilninge, truad á JEſum Christum, minn Drotten, edur til hans komeſt, helldur hefur Heilagur Ande mig fyrer Guds spiallanna Kenningu, kallad og

og upplyst med sijnum Aſt-giofum, helgad mig, og vid-hallded i rettre Tru, lijka sem hann alla adra Christna Menn a Jordu kallar, sa-mannsafnar, upplyser, hel-gar, og i rettre Trw til JE-sum Christum vardveiter; i hvorre Christelegre Kyrk-iu, hann naadarsamlega fyrergefur mier, og ollum trwudum daglega allar Synder, og a efsta Dege mun hann uppvekia mig, og alla Menn af Dauda, og gefa mier, og ollum Riett-trwudum i Christo JEsu eilijft Lijf og Sæluhiælp. Petta eru vissuleg Sannende.

Um hvad hondlar Truarjaatningenn?

Um Heilaga Guddomsens Þrenningu, og hennar Velgiorder vid oss Mennena.

Kann GUd, og Guddomleg Verk, ad þeckiast med morgu Moote?

Med tvennu Moote.

Fyrst af Naatturunne.

Þar nærst af GUds Orde.

Hvad þeckia Menn um GUd af Naatturuyne?

Það, hañ sie til, eiñ vijs, maattugur, og riettsyn GUD, sem vilie, ad Menn giore gott, og fordest það illa.

Hvar til þenar soddann?

Fyrst til þess; ad Menn life hid itra skickanlega.

Þar

Þar nærst, ad þeir leite eptir algiordare Guds Þeckingu, sier til Saaluhiaulpar.

Í þridia Maata, ad þeir verde o-afsakanleger, ef ei so giora.

Hvad þeckia menn um GUd af hañs Orde?

Hans Veru, Vilia, Verk og Velgiorninga.

Hvar til þienar soddan Þecking?

Til ad naa eilijfu Lijfe.

Seg mier þad ut af Guds Orde, hvad er GUd?

GUd er ein andleg Vera, eilijf, Oendanleg, Omælanleg, alvitur, almættug, allstadar nælæg; hin Siaalfraadasta, Sannordasta, Riettvijs-

Riettvijsasta, Miskunsamasta, og Godgiarnasta.

Er GUD Eiñ eda Fleire?

Sa sanne GUD er ecke utann eiñ, so sem skrifad stendur; Heyr Israel: Drottenn vor GUD er eiñ einunges Drottenn. Deut. 6, 4.

Hvad kiemur þa til þess, ad þu segest trua a Gud Fodur; Guds Son, og Gud H. Anda?

Þviad þar eru þriar adgreindar Personur, i eiñre Guddomlegre Veru: Fadirenn, Sonurenn og Heilagur Ande.

Kantu ad bevijsa mier, ad þar sieu þriar adgreindar Guddomsens Personur?

Jau;

Jea; því þegar Christur var skírdur, hropade Faderenn su fyrsta Personann af Himne, segiande: þesse er min Elskulegur Sonur, i hvorium mier vel þocknast.

Christur, aunnur Persona Guddomsens, liet skíra sig i Anne Jordan.

Og Heilagur Ande, su þridia Persona Guddomsens, kom ofan yfer hann i Dwfu Líking.

Er þad ecke rett sagt, ad þrijr sieu Guderner, med því ad þriaar eru Personurnar?

Ney, helldur er þad riett sagt, ad GUD sie eín ad Verunne, enn Prennur ad Personunum.

Bevijsadu þad, ad GUd sie eín ad Verunne?

Prijr eru peir, sem Vitnisburdenn bera á Himni, Faderenn, Orded og H. Andi; og pesser prijr eru eitt. 1 Joh. 5, 7.

Hvernenn adgreinast Personur Guddomsins?

Med utvortis og innvortis Audkienningar-teiknum.

Hvort er innvortis Audkiennigar teikn Fodursins?

Ad gieta Sonenn frá Eylijfd til Eylijfdar.

Hvort er innvortis Audkiennigarteikn Sonarens?

Ad verda getenn af Fodurnum frá Eilijfd til Eilijfdar.

Hvort

Hvert er innvortis Audkienning-arteikn H. Anda?

Ad framgaanga af Fodur og Syne fra Eylijfd til Eylijfdar.

Hvor eru þau Itre Audkienning-arteiknenn, med hvorium Persoonurnar adgreinast?

Utvortis Audkienning-arteikn Fodursins, er Skopuninn.

Utvortis Audkienning-arteikn Sonarens er Endurlausnenn.

Utvortis Audkienning-arteikn H. Anda er Helgunenn.

Hefur þat einsamall Faderenn skapad þig, einsamall Sonurenn endurleist

þig,

þig, einsamall Heilagur Ande helgad þig?

Ney, helldur eru þesse Verk enn ollum Persoonunum sameigenleg: Allar hafa skapad mig, Allar hafa framkvæmt Endurlausnar Verked, og Allar hafa helgad mig.

Þvi tileinkast þad hvort Verk fyrer sig helldur einre enn annari?

Þad skiedur epter Tilvijssan Guds Orda, þviad sierhvor Personann hefur sig helldur i einu enn odru openberad.

Á Endurlausnen og so ad tileinkast ollum Personunum?

Jad i vissann Maata, þo ei hafe Holdded uppad sig teked, nie lided ad þvi Pijny og Dauda, nema Sonurenn.

Eru þau innre Audkienningarteiknen, og svo Sameigenleg ollum Personunum, eins og þau itre?

O Ney,

O Ney, því einginn gietur Sonenn, nema Faderen, og eingenn verdur getenn, nema Sonuren, og eingenn er framm-gaangande, nema H. Ande.

Hvad margfalldur er saa Vilie Guds, sem vier eigum ad beckia af hans Orde?

Tvsfalldur:

Fyrst Rettlætis Vilie GUds, sem oss er i Løgmaalenu auglystur um bad, hvad vier eigum ad giora og fordast.

Þar næst, Naadar-vilie Guds, auglystur i Evangelio, um bad, hvad vier eigum ad trua.

Hvorju vill Gud þaa sierdeilles ad vier trwum?

Þessu, ad hann hafe af skiærre Naad gefed oss sinn Son i Daud-ann, og ad hann fyrergefe oss Syndernar, vegna hans For-

þenustu; og vilie hiaalpa oss, sem eiñ aastudlegur Fader i allre Neyd allt inn i eilijft Lijf. Joh. 3, 16. So elskade GUd Heimeñ, ad hañ gaf ut siñ eingieteñ Son, til þess, ad aller þeir, sem aa hañ trua, fyrerfaresst eige, heldur ad þeir hafe eilijft Lijf. Psalm. 91, 15. Hañ kallar til mijn, þar fyrer vil eg bænheyra hañ, eg em hiaa honum i Neydeñe, eg vil honum þadañ utryckia, og hañ vegsamlegañ giora.

Hvar verdur berlega talad um þennaa GUds Vilia?

Christur seger, þad er Vilie Fodursens, sem mig sende, ad hver hann truer aa Sonenn, hafe eilijft Lijf, og eg mun uppvekia hann aa efsta Dege. Johan. 6, 40.

Eru margar Greiner Truar-Jaatningarennar?

Þriar.

Fyrsta Greinenn.

Um hvad hondlar Fyrsta Grein Truarjætningareñar?

Um Skopun og Vardveitslu allra Hluta.

Hvernenn hliodar Fyrsta Greinenn?

Eg true æ GUd Fodur Almættugan, Skapara Himens og Jardar.

Hvad er GUd Fader?

Hann er su fyrsta Persona GUddomsens, Skapare, Vardveitare og Stiornare allra Hluta.

Hvar fyrer kallast su Fyrsta Persona Guddomsens Fader?

Þvi hun hefur i fraa Eilijfu geted ſinn Hiartans Son vorn Lauſnara.

Hvad er þad, ad trua aa GUd Fodur?

Þad er, ecke einaſta ad trua þvi, ſem GUds Ord ſeger um hans Perſonu, Vilia, Verk og Velgiorninga, helldur og eiñeñ, ad ſetia allt ſitt Trauſt til hañs i Lijfe og Dauda.

Hvar fyrer tileinkaſt Skopuneñ ſierdeilis Fodurnum?

Þvi hañ er ſu Fyrſta Perſonann, og ſo ſem Uppſpretta alls Guddomſens.

Þar næſt, ſo Menn lære helldur ad giora Greinar-

mun

mun Perſonaña, med þvi hinar hafa aunnur Kęñemerke, af hvorium þær kunna ad þeckiaſt: Synenum tileinkaſt Endurlauſnenn; Heilogum Anda Helgunenn.

Af hverju kantu ad vita, ad Gud ſie almaattugur?

Þvi hann hefur ſkapad Himen og Jord af eingvu Efne, og heldur ollum Hlutum vid Makt. Hebr. 1, 3. Hann ber alla Hlute med ſijnu kroptuga Orde.

Þvi er þeſs ſo ſierdeilislega gieted, ad Gud ſie almaattugur?

So ad vier ſieum viſſare um þad, hann giete hiælpad

oss i allre Neyd, og frelsad fra ollu Illu.

Mun hann og so hafa Vilia til ad hiaalpa oss?

O jæa, þess vegna kallast hann og einnenn vor Fader, ad hann hefur foðurlegt Hiarta til vor: Lijka so sem Faderen er Børnunum liknsamur, eins þæa er Drottenn miskunsamur þeim, sem hann ottast. Psalm. 103, 13.

Eru skapader Hluter margslags?

Tvennslags: Synelegar og Osynelegar.

Hvorier eru þeir Synilegu?

Himen og Jord, og allt hvad þar er inne.

Hvorier eru þeir Osynelegu?

Eing-

Einglarner.

Eru Einglarner margslags?

Tvennslags: Gooder og Vonder.

Hvoria kallar þu Gooda?

Þau, sem stodu støduger i medskopudu Rettlæte, og ecke fiellu frau Gude; Hvar fyrer þeir eru nu so stadfaster i því hinu Gooda, ad þeir kunna ecke framar ad falla.

Hvoria af Einglunum kallar þu Vonda?

Þau, sem ecke stoodu støduger i medskopudu Rettlæte og Heilagleika; So sem er Diofullenn, og aller hans Arar: Þess vegna vard þeim nidurkastad i Helvijte, hvar þeir munu pijnast um alla Eilijfd.

Hvada Embætte hafa þeir goodu Englarner?

Peirra Embætte er, ad þioona Gude, lofa hann og vegsama; og ad hafa Giætslu og Umsioon ad oss mönnunum, so vier hropum ecki i Olucku ꝛc.

Hvor er su ypparsta Guds syneleg Skepna?

Madureñ.

Hvornenn var Madurenn i fyrstunne skapadur?

Hañ var skapadur epter Guds Mind og Lijking.

I hvoriu var su Guds Mind og Lijking innefalenn?

Fyrst, var hun innefalenn i fullkomenne Þeckingu Guds, og Gudlegra Hluta.

Þar næst, i Heilagleikanum og Rettlætenu.

I þridia Mata, i Odaudleg-leikanum.

Mun þesse Guds Mind hafa ut kvij-

slast

ſtaſt fraa Adam til hañs Epter-
komenda?

Nei, helldur forgeck hun ſtrax, ſem hann fiell i Paradijs.

Fædaſt þa aungver i Heimenn Gude liſker?

Æ, aungver, þviad vier erum aller af ſyndſamlegu Sæde gietner, og fæduſtum Holld af Holde.

Kunna menn nockurn Tijma ad faa aptur Guds Mind?

Jaa, Heilagur Ande tekur til ad rietta hana vid aptur i Skijrnenne, og ſijdann meir og meir fyrer daglegann Vext og Vidgang þeſs Nya Mañſens, hiaa þeim truudu, allt þar til hun i odru Lijfe mun fullkomenn verda.

Hvorier eru þeir hellſtu Velgiorningar Guds Fodurs þier til Handa?

Hann hefur skapad mig, veitt mier Önd og Lijkama, Skin og Skilningar-vit.

Hann hefur gefed mier allt pad gott, sem eg hefe, einkum pad, sem mig mest umvardar, sín elskulegann Son JEsum Christum til Endurlausnar.

Hann vidhelldur mier, og ollu pvi, sem hann hefur gefed mier.

Hann veiter mier daglega Forsorgun, bæde fyrer Saal og Lijf.

Hann vardveiter mig frá Diofflenum og allre Olucku.

Hvar fyrer gierer hann petta?

Hann

Hann giorer þad, af sinne Fodurlegre og Gudlegre Goodgirnd og Miskunn, æn allrar minnar Forpenustu og Verdskulldunar.

Hvor er þijn Skylda aptur æ mooti vid GUd, fyrer alla hans Velgiorninga?

Eg æ honum Lof og Dacker ad giora. Honum ad þiona og hlyden ad vera.

Aunnur Greinen.

Um hvad hendlar Aunur Grein Trwar-jætningarennar?

Um Endurlausnena.

Hvornen hliodar þesse Grein?

Eg true æ JEsum Christum, Son hans eingeteñ, Drottenn vorn ꝛc.

Hvad fyrer eiñ er JEsus Christus?

Hann er su Önnur Persona Guddoomsens, Sannur GUD, og Sannur Madur.

Hvernen gietur pad vered, ad JEsus Christur sie bæde Gud og Madur?

Pad gietur so vered, ad Guds Sonur, sw aunnur Persona Guddomsins, stie nidur i Lijf Jomfru Mariu, og took par uppa sig mañdomlega Nætturu fyrer H. Anda Verkan, og fæddest svo af henne sannur Gud og sannur madur.

Hvad er pad, ad trua a JEsum Christum Guds Son?

Pad

Pad er ecke einasta, ad trua Ivi, sem Gllds Ord seger, um hans Personu, Vilia, Verk og Velgiorninga, helldur og &c.

Eru margar Nattturur Christi?

Tvær, Guddoomleg og Manndomleg.

Hvad meinar þu fyrer þar Manndomlegu Nattturuna Herrans Christi?

Hanns Sal og Lijkama, med ollum Eigenlegleikum Saalar og Lijkama.

Hvad meinar þu fyrer þar Guddoomlegu?

Guddomlega Veru, med Guddoomlegum Eigenlegleikum.

Af hvorium hefur Christur sijna Guddomlega Nattturu?

Af Gude sijnum Fodur.

Er hann þar getenn eda skapadur?

Hann er getenn, enn ecke skapadur?

Hvad nær skede þad?

Fyrer allar Allder, þvi hann er Fodurinum Sameilijfur, og hefur eckert Upphaf.

Af hverium hefur Christur sijna Manndomlegu Natturu?

Af sinne Modur Maria.

Nær took Christur uppa sig Mañdomlega Natturu?

I Tijmans Uppfillingu, þegar Heimurenn hafde staded hier um fiogur þusund Ar.

Eru þessar tvær Natturur Chri-

Christi samteingdar sijn
æ mille?

Jæ.

Hvornenn er þeirra Einingu vared?

Hun er soddann eitt dasamlegt Guds Verk, sem geingur yfer allann mannlegañ Skilning, og eingenn Sameining naatturlegra Hluta jafnast vid hana.

Þvi so?

Þviad, þo Nattururnar Christi sieu miog olijkar sijn æ mille, og hvor bihallde sijnum Eigenlegleikum, þæ samt eru þær þo fyrer utann allt innbyrdis sambland, edur Umbreiting einnrar i adra, so naakvæmlega samteingdar i eiñre Persoonu, ad þær kunnu ecke i Daudanum ad adgreinast, hvar fyrer og eiñenn ad þeirra Sameining mun og so blijfa Oraskanleg ad Eilijfu.

Er

Er Persoonañ Christi ein eda fleire?

Ein er Persoonañ Christi, þvi eiñ er er Medalgængare mille Guds og Manna, Madureñ JEsus Christus. 1 Timoth. 2. v. 5.

Lijka so sem Sæl og Lijkame er eiñ Madur, so er Christur sannur Guð og sannur Madur, ein Persoona.

Hvad þijder Nafned JEsus?

Það þijder Frelsara, Endurlausnara og Sæluhiælpara.

A hvad miñer þig þetta Nafn, JEsus?

Það miñer mig æ alla Christi Forþenustu Velgiorninga mier veitta.

Hvørier

Hverier eru þeir hañs Velgiorningar?

Allt hvad hañ giorde og leid, þad giorde hañ og leid miña vegna; han var gieten og Fæddur miña vegna; han var umſkoren og ſkijrdur miña vegna; hañ uppfyllte Lögmæled miña vegna; hann var freiſtadur, pijndur, hvdſtryktur og þyrnekrijndur miña vegna; hañ var krossfestur, deyddur og grafeñ miña vegna; Hañ uppreis fræa daudum, uppſtie til Himna, og þetta allt miña vegna; Hañ ſitur til Fodurſens hægre Handar, og bidur fyrer mig ſinn Himneſka Fodur o-aflætanlega.

Hvor

Hvor er sæl ædste af øllum þess-
um Velgiorningum, sem þier
mæa hellst gæanga til
Hiarta?

Sæa, ad hann med uthell-
ingu sijns heilaga Blods,
og sijnum saklausa Dau-
da og Pijnu, betalade fyrer
allar mijnar Synder, og
forlijkade mig vid sinn Him-
neska Fodur.

Hvornenn kann Pijna og Daude eins-
ar Persónu ad vera full-gilldur Beta-
lingur fyrer allra Manna Synd-
er, og forþena þar med
eilijf Giæde?

Þviad þesse Persona, Chri-
stur, sem leid, var bæde GUD og
Madur, þar fyrer, so sem GUD
er omælanlegur og oendanlegur,
so er og eins Verd og Vikt-
leike hans Pijnu omælanlegt,
og oendanlegt, og hlaut þui ad
gylda

gylda meir enn Synda Sekt allra Manna.

Hefur þar GUD daed fyrer þijnar Synder?

Ad vijsu hefur hann þijnst og daed fyrer mijnar og alls Heimsens Synder.

Kantu ad bevijsa þad af Guds Orde?

Jar, þvi H. Ande seger, ad Drottenn Dijrdarennar hafe vered krossfestur, 1 Cor. 2. v. 8. Hofundur Lijfsens Deyddur, Act. 3. v. 15. GUDS Sonur hafe giefed sig ut fyrer oss, Gal. 2. v. 20. Og GUD hafe utvegad Sofnudenn med sijnu Bloode, Act. 20. v. 28.

GUD er eiñ Ande, hvornenn kunne hann þar ad deya?

Þegar sagt verdur, ad GUD hafe þijnst og daed, meinast þar med (so sem adur er umgieted) GUDS Sonur, sem bæde var

GUD

Gud og Madur; enn hann do ecke i sijnum Guddome, helldur i sijnum Manndoome.

Jeg vil, ad þu gisrer enn frekare Utskijring af ollu þessu?

Saal og Lijkame Guds Sonar voru honum so eigennleg, so sem mier er mijn Saal og mijn Lijkame, þar fyrer, hvad hellst hann leid af sinne Saalu og Lijkama, þad leid oll hans Persona, og reiknast þvi Pijnann hans eins dyrmæt i Guds Auglite, so sem sialf Natturann sw Guddomlega hefde hana lided, þvi ad baadar Nættururnar eru eins eigenlegar Christo.

Lijka so sem su Pijna, sem eg lijd, er mier eins eigenleg, og reiknast mier eins til, hvort helldur hun þvingar Saal eduR Lijkama, so og lijka var Christo sw Pijna, sem hann leid af sijnum Manndomi, eins eigenleg, so sem hann

hann hefde lided hana i sijnum Guddome.

Hvor eru þau hellstu Rok til þess, ad sagt verdur, ad GUd hafe lided?

Þesse, ad Personan Christur, sem leid, var GUD, og hañs Personulegleike var Guddomlegur.

Er GUd ecke orettvijs i þvi, ad hañ fordæmer Vantruada, fyrer hvorra Synder Christur hefur fullu betalad?

Ney: Þui þad hefur vered so ályktad i Raade heilagrar Guddomsens Þreñingar fræa Eilijfu, ad þeir einer skylldu niotande verda Lausnargiallsens, sem Christur GUds Sonur utlagde, er villdu tilreikna sier hañs Forþenustu med Truñe.

Hvar til þena þier aller Christi Velgiorningar?

Þeir þena mier til Endurlaus-

urlausnar og Sæluhiælp-
ar.

Frá hvoriu hefur Christur þig endurleist og frelsad?

Frá Syndunum, Bol-
van Logmálsens, Guds
Reide, Daudanum, Diof-
ulsens Vallde, og eilijfre
Fyrerdæmingu.

Hvada Giæde hefur hañ þier utvegad aptur á mot?

Guds Rád, Fyrergefn-
ing Syndaña, Rettlæted,
H. Anda, Frid Samvit-
skuñar, og eilijft Lijf.

Med hvoriu hefur Christur endurleist þig?

Eige med Gulle nie Sylf-
re, helldur med sijnu Hei-
laga og dijrmæta Blode,

og

og med sijnum saklausa Dauda og Pijnu.

Til hvers hefur hañ endurleist þig?

Ecke til þess, ad eg meige lifa og lœta sem Hollded vill, helldur ad eg skule vera hañs eigenleg Eign, þiona honum i Heilagleika og Rettlœte, elska hañ, lofa hann og vegsama, og uppa þad, eg skule, epter þetta Lijf, med honum lifa og rijkia um alla Eilijfd.

Hvada Nafn er þad Christur?

Þad er sama og Messias, og þijder so miked sem Smurdur.

Var Christur smurdur?

Jsa. Psalm. 45. v. 8.

Epter hvorre Nœtturunne var Christur smurdur?

Epter

Epter þeirre Mañdomlegu.

Hvor smurde Christum?

Sa þrijeine GUD.

Med hvorju var Christur smurdur?

Med Gledeñar Vidsmiore, þad er, med H. Anda. Act. 10. v. 38.

Hvad odladest Christur med Smurningunne?

Alla Guddoomsens Eigennlegleika.

Hvorier eru þeir Eigennlegleikar?

Almætted, Alvisskann, Allstadar Nærlægdenn, Lijfgunar krapturen, Gudleg Tilbeidslunnar Dyrkun, Vallded ad fyrergefa Syndernar af eigenn Myndugleika, Vald til ad dæma Lifendur og Dauda.

Til hvors odladest Christur Pessar Gæfur, edur Guddomsens Eigennlegleika i Smurningunne?

So ad hañ þes kroptuglegar epter, þaadum Nøttrunum fram-

framkvæmde sitt Medalgongu Embætte Mannkynenu til goda.

Er margfallt Embætte Christi?

Prefallt: Spæmannlegt, Kennemannlegt, og Konglegt.

I hvørju er tad Spæmannlega innefaled?

Tad er innefaled i Ordsins Predikun, edur Openberan tess himneska Sañleika. Joh. I. v. 18.

Handtierar Christur sitt Spamannlega Embætte enn nu æ tessum Dogum?

Jæ. Allt til Heimsins Enda handtierar hann tad fyrer sijna Penara Kennemennena.

I hvørju er tad Kennemannlega Embættid innefaled?

I því, hann utlagde fullkominn Betaling fyrer allar vorar Synder med sinne saaru Kvøl og krossens Dauda.

Par næst, í því, ad hann bidur sinn Himneska Fodur fyrer oss o-aflætanlega, Rom. 8. v. 34.

I hvørju er það Kongunglega Embætted Christi innefaled?

I Stiornan hans. Maktar-ríkes, Nadar-ríkes, og Dirdar-ríkes.

Framkvæmer Christur sitt Medalgongu Embætte epter bøxdum Nøttururnum?

Ja.

Er Ríked Christi margfallt

Prefalldt.

Mak

Maktar-rijked, Naadar-rijked og Dijrdar-rijked.

Hvad er Maktar-Rijked?

Pad er volldugt Herradæme og stiorn yfer ollum hlutum a Himne og Jordu.

Hvad er Naadar-Rijked Christi?

Pad er nædarsamleg Stiornan og Vardveitsla Christelegrar Kyrkiu i pessum heime.

Fyrer hvor Medol skedur soddan?

Fyrer Orded og Sacramenten.

Med hverju mote?

Christur, so sem ein Volldugur Kongur og Hofud

Safnadarens, lagar oll vor efni Gudi til Dijrdar og oss til Sæluhiælpar.

Hvad gott hefur þu af þessare Stiornan?

Rettlæti, Frid og Fognud i H. Anda, Rom. 14. v. 17.

Hvad er Dijrdar-Rijked Christi?

Yfirdrottnan allra vtvaldra a Himnum.

Er Stand Christi margfalldt?

Tvøfalldt.

Nidurlægingar Stand, og Upphafningar Stand.

Hvørre Nøttturunne Christi heirer til, bæde Nidurlægingar Standed og Upphafningar Standed?

Peirre Manndomlegu.

Nær biriadest Nidurlægingar Standed?

Af fyrsta Augnablike Gietnadarins.

Nær

Nær endadest þad?

Þegar hann vard lifande aptur i Grefenne.

I hvoriu var Niðurlægingar Standed Christi innefaled?

I þvi, ad hann brukade ecke alltijd, og ad ollu leite, meddeilda Guddomsens Haatign, Helldur lijtelækkade sialfan sig, tok uppar sig Mind eins Þions, giordest ødrum mønnum lijkur, og var ad Hegdan fundenn sem Madur, Phil. 2. v. 7. 8.

Hvad meinar þu fyrer þær Guddomsins Haatign, sem Christur hiellt sier frær ad bruka?

Fyrer hana meina eg Guddomsens Eigennlegleika, so sem ad er, Almætted, Alvisskan, og allstadar Nærveran.

Hvar fyrer gaf Christur sig i soddann Niðurlægingu?

Til þess, hann kynne ad lijda

og deya, og frammkvæma so Mannkynsins Endurlausn.

Hvar fyrer er Christur dæenn?

So ad hann frelsade oss frá peim eilijfa Dauda.

Hvar fyrer er Christur grafen?

Fyrst, so ad par af sæest, ad hann være sannarlega dæen.

Par næst, ad hann helgade vorar Grafer, med vidkomu sijns allra heilagasta Lijkama.

J pridia mæta, so ad hann græse med sier vorar Synder.

Lá Christur leinge i Grofenne?

Frá pvi á Fostudags Kvolded, skommu fyrer Solarlag, og par til á Páskadags Morgunenn

nen ſnemma, þá hann reis upp frá Daudum.

Med hvorium Ordum er talad um̃ Nidurlægingar Standed Chriſti i Truarjátningunne?

Med þeſſum ſierdeilis.

Pijndur under Pontio Pilato, krosfeſtur, deyddur og grafeñ.

Nær byriadeſt Upphafningar-Standed Chriſti?

Þegar þad fyrra endadeſt.

Nær fullkomnadeſt þad?

Þegar hañ ſetteſt til Fodurſens hægre Handar.

Hvad meinaſt fyrer Upphafningarſtandid Chriſti?

Su vegſamlega Haatign, ſem hann odladeſt, eptir Manndomenum, i ſinne Uppriſu og Uppſtigning, med fullkomenne, og ævarande Brukun allra Guddomſins Eigenlegleika.

Med hvørium Ordum er talad um Upphafningar-standed Christi?

Þessum: Nidurstie hann til Helvijtes, at þridia Dege, reis hann upp fra Daudum, uppstie hann til Himna, og situr til GUds Fodurs hægre Handar, þadann er hann komande, ad dæma Lifendur og Dauda.

Nær stie Christur nidur til Helvijtes?

Strax sem hann hafde byriad sitt Upphafningar stand.

Til hvørs stie Christur nidur til Helvijtes?

Ecke til ad lijda þar nockrar Kvaler, eda beriast vid Diofulenn: Helldur fyrst, til ad hrosa volldugum Sigre, yfer Dioflenum og sijnum Ovinum.

Þar

Par næst, ad auglysa sijna einvalldz Makt yfer Lifendum og Daudum. I pridia Maata, ad skielfa þa fordæmdu med Ogn Logmælsens, og Fordæmingarennar.

Hvad framkvæmde Christur epter sijna Nidurstigning til Helvitis?

Hann openberade sig lifande fra Daudum uppriseñ.

Er þad vijst, ad Christur sie fra Daudum uppriseñ?

Jm, þad er o-raskanlegur Sannleike, þvi þad hafa vitnad og stadfest, bæde GUD sialfur, so og einnen heilager Menn og Englar.

Framseigdu mier Vitnisburd H. Anda um Upprisu Christi?

Eingillenn sagde til Kvennanna: hrædest ecke; hier leited ad peim Krossfesta JEsu af Nazareth, hann er upprisinn og er ecke hier. Og St. Paull segir: Christur er utgefenn fyrer vorar Synder, og uppriſen oss til Rettlætis.

Hvort Gagn hofum vier af Christi Uppriſu?

Fyrst uppreis hann, so ad hann auglysti oss, ad hann hefde fullkomin Sigur unned, betalad fyrer vorar Synder, og utvegad oss pad sanna Rettlæte.

Par næst, so ad hann

færde

færde oss i nyt sitt Rettlæte (það er, alla sijna Forþenustu Velgiorninga.)

I þridia mata, so vier i krapte hans Upprisu, upprijsum andlega hier i Lijfe og a sijdasta Dege ur Grofunum til eilijfs Lijfs.

Var það leinge sem Christur umgeckst, ad odru hvoriu, med sijnum Læresveinum epter það hann upprejs fra Daudum?

I 40 Daga, þar til han uppstie til Himna.

Er Christur uppstigen til Himna?

Ja.

Hvar fyrer stie Christur upp til Himna?

Fyrst, svo ad hann fullkomnade sitt Upphafningar

Stand, med sinne Setu til Fodursins hægre Handar.

Par næst, svo ad hann upplyke fyrer oss peirre himnesku Paradijs.

I pridia mæta, so ad hann være vor Arnadarmadur hiæ Fodurnum.

I Fiorda mæta svo ad hann sende oss af Himnum ofann H. Anda.

Hvada Himen er pad, sem Christur stie upp til?

Ecke er pad nockur skapadur synelegur eda takmarkadur Himen, helldur er pad Himen GUds Almættes, allstadar nærveru og omælanlegrar Hatignar.

Er pa Christur ecke framar naulægur hier a Jordunne?

San-

Sannarlega er hann hier epter baadum Nætturunum personulega nælægur, þvi hann segest vera hiá oss alla Daga, allt til Ver alldarennar Enda. Matth. 28. v. 20.

Hvad meinast fyrer hægre Hond Guds?

Dijrdarsamleg Haatign, Makt og Stiornan Guds, yfer ollum skopudum Skepnum.

Hvad merkest fyrer Setu Christi til Guds hægre Handar?

Fullkomen og ævarande Brukun dijrdarsamlegra Guds Haatignar, Maktar og Stiornunar yfer ollum Skopuddum Skepnum.

Hvorre Nætturunne Christi tileinkast þesse hans Seta til Fodursins hægre Handar?

þeirre Manndomlegu, því hun kunne ad hefiast og verda Jafn þeirre Guddomlegu, ad allre Makt, Hattign og Yfer-Drottnan. Philipp. 2. v. 6.

Hvad Gagn hefur þu af Setu Christi til Fodursins hægre Handar?

Eg hefe þad Gagn af henne, ad hann, sem volldugur Drottenn og Hofud Safnadarens, verndar mig og frelsar frá ollum minum Ovinum; Hann hlutast til med mier, so sem sijnum andlegum Lim, ad eflast i ollu Godu, og giorer mig um sijder eilijflega sælu-holpenn.

Mun Christur koma nockurn Tijma aptur til vor af Himne?

Ja

Jæa, hann mun koma æa sijdasta Dege bersynelega i Manndoomlegre Asynd, med stærstu Makt, Dijrd og Hætign, ad dæma alla menn Lijfs og Lidna.

Hvar mun hann þæa openberast?

I Skijum Himens.

Mun hann koma einsamall til Domsins?

Ney! helldur munu aller Heilager Englar med honum koma.

Hvornenn mun þad tilganga um Domenn æa sijdasta Deige?

Fyrst, mun sæa þrijeine Guds fyrer Raustu og Verkan, Drottens vors JEsu Christi, uppvekia alla Menn af Dauda, og giora þæa, sem þa verda Lifande, æa einu Augnablike umskiptelega.

Þar

Þar nærst, mun vor Endurlausnare utsenda sijna Eingla, til ad samansafna ollum monnum fyrer sig, ur fiorum aattum Heimsins, og adgreina so þau vondu fraa þeim goodu, setiande þa goodu sier til hægre Handar, en hina til vinstre.

I þridia maata, mun hann uppsegia Domen, fyrst yfer þeim Gudhræddu til hægre Handar soleides: komed þier blessader mijns Fodurs, &c.

Þær nærst, mun hann segia til þeirra ogudlegu, fared fraa mier bølvader i eilijfan Eld &c.

Gietur þu af þijnum eigen Kroptum orded niotande JEsu Christi Velgiorninga?

O Ney.

Hvornenn kantu þa ad hiaalpast?

Hei-

Heilagur Ande styrker mig þar til.

Hvar er talad um̃ soddan i Frædunum?

I þridiu Greinenne.

Þridia Greinin.

Um hvad hondlar þridia Greinen?

1. Um H. Anda, hans Verk og Velgiorninga.
2. Um Christelega Kyrkiu.
3. Um Fyrirgefning Syndanna.
4. Um Holldsins Upprisu.
5. Um eilifft Lif.

Lestu

Leſtu mier Upphafed æa þridiu Greinenne?

Eg True æa Heilagann Anda, og ad ſie ꝛc.

Hvad er þad, ad trua æa H. Anda?

Þad er ecke einaſta, ad trua þvi, ſem GUds Ord ſeger, um hans Perſoonu, Vilia, Verk og Velgiorninga, helldur og einnenn ad ſetia allt ſitt Trauſt til hañs bæde i Lijfe og Dauda.

Hvad fyrer eiñ er Heilagur Ande?

Hann er ſw þridia Perſona Guddoomſens, eiñrar og hinnar ſomu Veru, Maktar, og Dijrdar med Fodur og Syne; framm-

gangan-

gangande af peim bœdum.

Bevijsadu þad, ad Heil. Ande framgœange af Fodurnum?

Christur seger, þegar sœ Huggarin kemur, hvorn eg mun senda ydur af mijnum Fodur, Sannleiksens Ande, sem af Fodurnum frammgeingur.

Bevijsadu þad, ad H. Ande frammgœange af Syneuum?

H. Ande kallast Ande Munns Christi, og Ande Vara Christi, og þegar Christur gaf Postulunum H. Anda, blies hann œa þœa; bar fyrer er þad vijst, ad Heilagur Ande er af Christo framgœangande.

Hvar fyrer kallast siv þridia Persona Guddomsins fierdelislega Ande?

Fyrst og fremst af þvi, ad hun

hun i o-utskijranlegann Maata, verdur blaasinn af Fodur og Syne.

Þar næst, af þvi, hun er ein Andleg Vera.

I þridia Maata, af þvi, hun verkar andlegar Hræringar i Hiortum Mannanna.

Hvar fyrer kallast Ande Guds Heilagur?

Fyrst af þvi, hann er verulega Heilagur.

Þar næst, þess vegna, ad hañ er Hofundur þess retta Heilagleika, og giorer alla Truada heilaga.

Hvorier eru þeir hellstu Velgiorningar Heilags Anda, sem hann hefur veitt þier?

Hann hefur kallad mig ur Rijke Diofulsins og i Rijked Christi.

Hvad

Hvad meinar þu fyrer Rijke Diofulsins?

Skadlega Synda Ydiu, i Reidennar Stande.

Er Stand Mannsens margfallt?

Ferfallt.

1. Fullkomlegleikans Stand, fyrer Falled.
2. Yfertrodslunnar og Reideñar Stand, epter Falled.
3. Vidriettingarennar Stand fyrer Truna a JESUM Christum.
4. Dijrdarennar, ellegar Fordæmingariñar, Stand epter þetta Lijf.

Hvada Rijke Christi er þad, i hvort H. Ande hefur þig kallad?

Þad er fyrst Nædarrijked hans hier i Heime, og sijdañ Dijrdar-Rijked annars Heims.

J

Í hvoriu er Kollun H. Anda innefalenn?

Hun er innefalenn í giæfkurijku Tilbode, og innvortis Hræringu, til ad giora Idran, og trua á JEfum Christum.

Hvada Medal brukar H. Ande til ad kalla Mannenn?

Gudspiallanna Kiennin-gu, edur Predikun Evange-lii.

Hvoriar eru fleire Velgiorder H. Anda, sem hann hefur veitt hier og veiter?

Hann hefur endurfædt mig.

Hann hefur upplyst mig med sijnum Astgiofum.

Hann helgar mig.

Hann

Hann vidhelldur mier i Trunne.

Hann fyrergefur mier daglega Syndernar.

Hann veiter mier Huggun og Polenmæde i Motlætenu.

Hann mun uppvekia mig af Dauda, og gefa mier eilifft Lijf.

Hvornenn er talad um petta i Trwarjætningunne?

Helldur hefur H. Ande mig fyrer GUdspiallanna Kienning, kallad og upplyst med sijnum Astgisfum, helgad mig og vidhallded i rettre Tru, ꝛc.

I hvorju er Endurfædingenn innefalenn?

I upplysingu Skilningens, og Gisf Truarennar.

Hvad

Hvad gott hefur þu af Trunne, sem H. Ande hefur þier gefed?

Med henni tek eg Christum til mijn og hans Rettlæte.

Hvad meinar þu fyrer Christi Rettlæte?

Hans dyrmætu Forþenustu, þad er, allt hvad hañ giorde og leid.

Til hvors villtu odlast Christi Rettlæte?

Eg vil bera þad framm fyrer Drotteñ i mijnu Hiarta, so sem Betaling fyrer mijnar Synder, til ad stilla hans Reide. Jeg vil hafa þad og eiñen mier til Forsvars at mote Aklogun Diofulsens, Logmaalsens, og siaalfrar minnar Samvisku.

Hvornenn kann Christi Rettlæte ad verda þier til Forsvars?

Þvi

Því allt hvad hann gjorde og leid, það gjorde hann og leid minna vegna, hans Rettlæte er fullkomen Betalingur fyrer allar mijnar Synder.

Verdur þu þar rettlætur fyrer Christi Rettlæte?

Já.

Í hvørju er þijn Rettlæting innefalen?

Í Fyrirgefningu Syndanna, og Tileinkan Christi Rettlætis.

Kantu ad bevijsa það ut af Guds Orde, ad Christur heyre þier til med sijnu Rettlæte?

O já; Því Postulenn bodar, ad Christur sie giordur oss af GUDE til Vijsdoms, Rettlætis, Helgunar

unar og Endurlausnar 1 Corinth. 1, 13. Og sialfur Endurlausnarenn seger; So elskade GUd Heimen, ad hann gaf ut sinn Eingetenn Son, uppa ad aller peir, sem a hann trua, fortapest ecke, heldur hafe eilijft Lijf. Joh. 3, 16.

Hvad utheimtest af pier til pess, ad pu kunner ad verda rettlaatur og saaluholpen?

Sonn Ydran og Tru a JEsum Christum.

Eru marger Partar Truarennar?

Prijr.

Hvor er sa Fyrste?

Rett Pecking a Gude, og hans Dalsemdum.

Hvor er annar?

Samsinningen, ad halda pad allt

allt satt ad vera, sem Gud kenner oss i sinu Orde.

Hvar er sæa pridie?

Sialft Trunadar-trausted til Guds, um Fyrergefningu Syndana, vegna Christi Forbenustu.

Eru peir aller rett-truader, sem jaata soddan Tru med Munnenum?

Ney: Pvi par gefast marger Hræsnarar, sem nalægast Gud med Vorunum, enn peirra Hiarta er par langt fra. Esa. 29, 13.

Hvornenn kann eg pæa ad vita, hvort eirn er rett-truadur?

Sa sem jaatar pau rettu Tru med Munnenum, og lifer epter Guds Orda Reglu, hann er ad minum Dome rett-truadur, pvi vondt Trie kan ecke ad bera godan Avøxt. Matth. 7, 18.

Hvad giorer H. Ande, pegar hann upplyser Mannen?

Hann fræder hann i sæluhiælplegre Þeckingu Guds Orda, og pryder med sijnum Astgisfum.

Hvorjar eru þær hellstu Astgiafer H. Anda?

Þad er Truen og hennar Awexter, so sem er Kiærleike, Hogværd, Lijtelæte, Þolenmæde, Bænræckne, Miskunseme, og adrar þvilijkar Dygder og Dæder.

Hvad meinast fyrer Helgun H. Anda? (Allar Nædar Velgiorder H. Anda kallast ad sönu Helgun, eñ) Fyrer hana meinast sierdeilislega andleg Endurnyung Mannsens.

I hvorju er þijn Endurnyung innefalenn.

Hun er, Fyrst, innefaleñ i dagleare Deydingu þess gamla Mañsens. Þar

Par næst, i Lijfgun þess nya Mannsens.

Hvad er þad, ad deyda þann gamla Mannenn?

Þad er, ad aptra sier sialfum daglega, i þvi, ad hugsa, tala og giora þad, sem illt er.

Hvad er ad lijfga þann Nya Mañen.

Þad er ad leggia allt Kapp a, ad vaxa og þrooast ætijd meir og meir i ollum Dygdum og Dædum allt til Æfeloka.

Þetta eru Verk eins truads Mans, hvornenn tileinkast þau þa Heilogum Anda?

Heilagur Ande er Hofundur ad þessum Verkum, og hiælpar Mannenum og so til ad fram-kvæma þau.

Nær byriade H. Ande fyrst ad audsyna hier sijna Velgiorninga?

I Skijrnenne.

Helldur hann so daglega afram i þvi ad hiælpa hier?

O Ja; Þviad, fyrer Orded og Kvolldmaaltiid JEsu Christi, nærer hañ andlegt Lijf minnar Saalar; og so opt sem eg fell i daudlegar Synder, kallar hann mig myskunsamlega aptur til Naadareñar, og gefur mier sañyndrande Hiarta: Hiaalpar mier so til ad umfadma Christi Rettlæte med Truñe, og ad lifa þar epter i Endurnyungu Lijfdagaña.

Hvornenn ferdu ad umfadma Christi Rettlæte?

Jeg true þvi, ad Christur hafe fyrer mig lided, og reikna alla hans Forþenustu mijna; treiste so Gude Efunarlaust til þess, ad hann af Naad sinne, gefe mier þad allt kvijtt vegna hennar, sem eg hefe honum aa mote broted, og ad hann giore mig einnen niotande allra þeirra Giæda, sem Christur hefur mier med sinne Pijnu og Dauda atvegad.

Hvad

Hvad er þad, sem menn kalla Frijvilia?

Þad er kroptugt Siælfræde, ad giora eitt heldur enn annad, item, ad giora og giora ecke, þad sem hugskoted tilvijsar, og er i Mannsens Valde.

Hvar æ soddan Frijvilie Mannsens heima?

Hañ æ fyrst heima i nætturlegum Efnum, so sem ad vaka og sofa, sitia og standa, eta og drecka.

Þar næst, i veralldlegum Utrettingum og Husstiornar Umsyslan; so sem, ad kaupa og selia, heya Strijd og halda Doma; lifa i Einlijfe, og innganga Hionaband.

I þridia mæta, æ hann heima i morgum sidferdis Hættum; So sem, ad lifa skickanlega, vera goodvikeñ vid Nauung-

an, meida hann ecke; og þar þvert a moote, ad liuga og stela, fremia Saurlifnad, og þvi umlijkt.

I fiorda maata, a Frijvilien heima i itre Heilagleikans athofnum, so sem, ad sækia Messu, vera vid Tijder, heyra, lesa, og ihuga Guds Ord af eigenlegre Fijsn og Natturunnar Innblæstre.

Mun þad og so i Vallde og Frijvilia þess, sem er vantruadur, ad snua sier til Drottens; gjora sanna Ydran, trua a JEsum Christum; a kalla Gud i Anda og Sañleika; forakta þessa heims Dælæte; og stunda epter eilijfu Lijfe?

O ney: Þvi vier erum ecke hæfeleger af oss sialfum nockud gott ad þeinkia, so sem af oss sialfum til, helldur hvad vier megnum, þad er af Gude 2Cor. 3, v. 5. Gud er sa, sem verkar

i oss

i oss bæde Vilian og Maatten, Phil. 2, 13.

Er þvi eins hattad um Vanmaatt Frijvillians hiæa truudum, og vantruudum i andlegum Efnum?

Ney; Þvi Frijvilien er laangtum meire hiæa truudum eñ vantruudum, so ad truadur Madur hefur Siaalfræde og Krapta, jafnvel i andlegum Efnum, fraṁ yfer þañ vantruada, ad æfa sig i Dygdum, og hallda æfraṁ i Gudræknenne, eñ soddan krapta til hins goda hefur hann ei af Naatturunne, helldur af Naadenne.

Um hvad ertu skylldugur Heil. Anda fyrer hans Astaiafer og Velgiorninga?

Um Elsku, Hlydne og Packlæte.

Hvad er Christeleg Kyrkia?

Hun er Sofnudur Guds Barna i pessum Heime, sem hallda vid hreinan lærdom Evangelii, og bruka Sacramenten rettelega.

Hvornenn kann Christeleg Kirkia ad kallast Heilog, par aller Menn eru synduger i pessu Lijfe?

Heilog kallast hun pess vegna, ad peir Gudhræddu, sem i henne lifa, eru iklædder Christi Heilagleika og Rettlæte fyre Truna, og syna at sier gott og skickanlegt Framferde.

Hvar fyrer kallast Christeleg Kyrckia almenneleg?

Pviad vor Herra hefur boded, ad Evangelium skylde predikast almennilega fyrer ollum Monnum; og hans Christne er og so utbreidd um allan Heimen.

Hvor-

Fyrst, er aunnur strijdande hier aa Jordunne, aunnur Sigre hrosande aa Himnum.

Þar næst, er aunnur synneleg i þessum Heime, aunnur Osynneleg.

Vid hvorn helldur sw Bardaga, sem strijder hier aa Jordunne?

Vid Diofulenn, Hollded, og Heimen.

Hvad meinar þu fyrer þaa Synnelegu Christi Kyrkiu?

Sambland af illum Monnum og godum, sem jaata somu Tru og bruka somu Sacramenta, epter GUds Orda Hliodan.

Hvad meinar þu fyrer þaa Osynnelegu GUds Christne hier i Heime?

Alla riett-truada, edur Samneite Heilagra, hvorra innvortis Hiartalag einge.. sier u-

tañ GUD alleina, þvi hann þeck-
er sijna. 2 Timoth. 2, v. 19.

Hvar fyrer kallast Christeleg Kyrkia Samneite Heilagra?

Þess vegna, ad Lijka so sem þar er stødug Samteinging og Eining ad mille allra Lijkam-ans Lima, so eru og aller Ri-ett-truader eitt i Christo, þo þeir sieu laangt hvor frau odrum: Þeir hafa eina Tru, eina Skijrn, og einn GUD: Þeir bidia hvorier fyrer odrum og hafa, hvor med odrum Epterlaangan til eilijfs Lijfs.

Hvor eru þau rettu Audkenningar-Teikn Christelegrar Kyrkiu?

1. Hrein og klaar Predikun GUDs Orda.
